

## Stefnumótun

### Fjölmenningarstefna skóla Dalvíkurbyggðar

Fræðsluráð samþykkti Fjölmenningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar í mars sl. og tekur hún gildi 1. janúar 2013. Stefnan tekur til ýmissa aðgerða sem skólarnir eru ábyrgir fyrir í þjónustu við börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Fjölmenningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar má innan skamms sjá á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og skólanna.

### Skólanámskrár og starfsáætlanir skóla í Dalvíkurbyggð

Ný grunnskólalög voru samþykkt árið 2008 og ný aðalnámskrá 2011. Í nýjum lögum er kveðið sterkar á um ábyrgð forráðamanna nemenda um uppeldi þeirra og menntun og samstarf heimila og skóla. Jafnframt er þar kveðið á um ábyrgð nemenda á námi sínu og framkomu. Skólanámskrár skóla Dalvíkurbyggðar verða birtar á heimasíðum þeirra frá og með næsta starfsári og þar má smám saman sjá útfærslu skólanna á nýjum lögum og aðalnámskrá og hvemig skólarnir ætla að haga mati sínu á skólastarfinu, matsaðferðir þeirra og úrbótaáætlanir.

### Æskulýðsmál í Vikurröst

Stefnt er að því að auka opnun í Vikurröst fyrir börn og unglinga í 5. – 10. bekk og opnun fyrir 16 ára og eldri er til skoðunar. Uppbygging Grjótglimufélagsins á klifuraðstöðu í Vikurröst gengur vel og stefnir allt í að Vikurröst muni skarta einni af glæsilegustu klifuraðstöðu á landinu. Dalvíkurbyggð og Golfklúbburinn Hamar hafa gert samning um leigu á aðstöðu fyrir inniæfingar í golfi. Íbúar Dalvíkurbyggðar eru hvattir til að senda inn hugmyndir um enn betri nýtingu Vikurrastar á komandi árum, á Árna Jónsson íþrótt- og æskulýðsfulltrúa [ami@dalvikurbyggd.is](mailto:ami@dalvikurbyggd.is) eða í síma 4604913.



## Tónlistarskólinn

Fjölmargin tónleikar voru haldnir á vegum Tónlistarskólans þetta starfsárið og leitast var við að auka samstarf við skólana í Dalvíkurbyggð. Undir vörð tóku öll börn í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins um 430 börn, þátt í útgáfu geisladisks. Margt er gert til að uppfylla það leiðarljós Tónlistarskólans að vera ein af menningarstoðum samfélagsins. Til þess að skóli þróist verður hann meðal annars að vera tilbúinn til þess að hlusta á samfélagið, óskir þess og kröfur. Dalvíkingar eru hvattir til þess að vera ófeimnir við að heimsækja Tónlistarskólann og taka þátt í uppbyggingu hans með til dæmis mætingu á tónleika og eða spjalla við starfsfólk skólans.



## Töfraheimur stærðfræðinnar

Síðastliðin tvö ár hefur Dóroþea Reimarsdóttir stýrt þróunarverkefninu *Töfraheimur stærðfræðinnar* í leik- og grunnskólum Dalvíkurbyggðar. Verkefnið hefur gengið

vel og um það ríkir mikil ánægja samkvæmt skoðunarkönnunum sem lagðar voru fyrir í vor. Þess er sterklega vænst að árangur verkefnisins muni fjátt skila sér í bættum námsárangri nemenda. Foreldrum er bent á að á heimasíðu Dalvíkurskóla, undir *Töfraheimi stærðfræðinnar* eru ágæt og skemmtilegar leiðir (spil) til stærðfræðiþjálfunar í gegnum það að spila!



## Fréttabréf Fræðsluviðs Dalvíkurbyggðar

4. TBL.  
JÚLÍ 2012  
ÁBYRGÐ: HILDUR ÖSP/HÖLMFRÍÐUR



### Leik- og grunnskólar Dalvíkurbyggðar eru Grænfánaskólar

Á vordögum náðu allir skólar Dalvíkurbyggðar þeim glæsta árangri í umhverfismálum að flagga Grænfánanum, umhverfisfánanum eftirsóttá. Til að halda leyfinu og viðurkenningunni áfram sem umhverfisvænir skólar þurfa þeir að halda áfram viðeigandi aðgerðum í umhverfisvernd og endurnýja síðan umsókn sína eftir tvö ár. Dalvíkurbyggð leggur metnað sinn í að standa sem best að umhverfismálum sveitarfélagsins og er frammistaða skólanna því mjög ánægjuleg.

*Við höfum ekki erft heiminn frá forfedrum okkar  
- við höfum fengið hann að láni frá börnunum okkar*

Spakmæli frá Kasmír

## Fréttir

### Breytingar í starfsmannahaldi á Fræðslusviði

Helga Björt Möller kennsluráðgjafi, fór í fæðingarorlof þann 1. apríl sl. Hólmfríður Sigurðardóttir leysir hana af til næstu áramóta. Hólmfríður hefur starfað lengi við kennslu og skólastjórnun og kenndi við Dalvíkurskóla síðastliðið starfsár.

### Nýr deildarstjóri í Krílakoti - Yfirproskapjálfi skammtímavistunar

Anna Lauga Pálsdóttir leikskólakennari er nýráðin deildarstjóri í Krílakoti. Hún tekur við af Hildi Birnu Jónsdóttur proskapjálfa sem tekur við stöðu yfirproskapjálfa skammtímavistunar.

### Nýr skólastjóri Tónlistarskólans

Kaldo Kiis skólastjóri Tónlistarskólans sagði starfi sínu lausu í vor. Í hans stað var Ármann Einarsson ráðinn skólastjóri. Ármann hefur starfað víða við kennslu og skólastjórnun og kenndi við Tónlistarskólann og leik- og grunnskóla Dalvíkurbyggðar síðasta starfsár.

### Nýi skólinn í Árskógi

Frankvæmdir við nýbyggingu og endurgerð hins nýja Árskógarskóla ganga vel og samkvæmt áætlun. Lok framkvæmda verða 3. ágúst og skólastarf hefst 20. ágúst nk. Næsta ár er áætlað að um fimmtíu nemendur verði í skólanum og þrettán starfsmenn í rúmlega 10 stöðugildum. Gitta Unn Ármannsdóttir leikskólastjóri og Kristján Sigurðsson deildarstjóri í grunnskólanum láta af störfum og við nýjum skóla, Árskógarskóla tekur Gunnþór Gunnþórsson.

**Nýir starfsmenn eru boðnir velkomnir og þeim sem kveðja þökkúð þeirra störf með kærri kveðju og velfarnaðaróskum.**

### Náms- og kynnisferð starfsmanna Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla fara í náms- og kynnisferð til Finnlands dagana 17.-23. ágúst. Þar munu þeir meðal annars kynna sér útkennslu sem er eitt af áhersluatriðum skólans.

## Leikskólarnir

### Frá Kátakoti

Síðastliðið haust var tekið í notkun færanlegt húsrými við Kátakot sem nefnt er Mánakot. Mánakot leysir úr núverandi húsæðisvanda en horfur eru á nemendafækkun á næstu árum.

Á Kátakoti eru unnin verkefni sem taka á öllum þroskapáttum barnsins og stuðlað er að aukinni samvinnu á milli barnanna. Síðastliðið starfsár var sérstök áhersla lögð á umhverfismennt og rætt um endurvinnslu og hvernig hægt væri að spara rafmagn, vatn og pappír. Eitt verkefnanna var um vatnið. Börnin lærðu um hringrás vatnsins og hvað vatnið er mikilvægt. Í útkennslunni er náttúran og nánasta umhverfi upplifað með öllum skilningarvitum. Daglega gefast tækifæri til að kenna börnunum að þekkja bókstafi, tölustafi og form og hvert tilefni er notað til fróðleiks og gefandi samskipta.



### Frá Leikbæ

Vorsýning Leikbæjar var haldin 8. maí. Sínd voru verk barnanna og ljósmyndir úr starfinu og foreldrar voru með kaffihlaðborð. Á sýningunni dönsuðu leikskólabörn en síðustu ár hefur foreldraráð Leikbæjar boðið börnunum upp á danskennslu sem notið hefur mikilla vinsælda.

## Leikskólarnir

### Frá Krílakoti

Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi Krílakots sem er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu til að skapa öryggi fyrir barnahópin sem er að stíga sín fyrstu skref skólagöngunnar. Um 18 konur á öllum aldri starfa í Krílakoti og er starfsaldur þeirra og menntun mjög breytileg sem gerir starfið skemmtilegt og fjölbreytt. Námsáætlanir taka mið af öllum námssviðum leikskóla og skapa fjölbreytni ásamt því að tryggja að allir fái tækifæri til náms út frá sínu áhugasviði.

Í sumar voru skipulagðar tvær helgar þar sem foreldrar komu saman og aðstoðuðu við framkvæmdirnar á lóðinni með George og Sarka. Markmiðið er að ljúka framkvæmdum í sumar. Í framhaldinu er áætlað að halda vinnudag ár hvert til að halda lóðinni við, lagfæra og bæta við jurtum eða leikfni eftir þörfum. Foreldrasamstarfið í Krílakoti hefur vakið athygli ekki síst fyrir þá miklu vinnu sem foreldrar hafa lagt á sig við uppbyggingu lóðarinnar.

Náms- og kynnisferð starfsmanna Krílakots til London síðastliðið vor tókst mjög vel og er og verður gott innlegg í starfið þar.

### Börn fædd árið 2011 komin með leikskólavist

Öll börn í Dalvíkurbyggð, fædd árið 2011 og eldri eru komin með leikskólavist. Leikskólarnir taka á móti börnunum ef pláss leyfir allt frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur.

## Uppbyggingarstefnan

Dagana 13.-15. ágúst verða haldin tvö námskeið um Uppbyggingarstefnuna hér Dalvík fyrir starfsfólk skólanna. Samkvæmt niðurstöðum kannana sem gerðar voru í mars sl. voru starfsmenn skólanna og foreldrar almennt ánægðir með innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar í skólunum. Fram kom þó að margir foreldrar höfðu ekki kynnst eða kynnt sér stefnuna. Foreldrar eru hvattir til þess þar sem mikilvægt er að heimili og skóli séu samstíga í þeim aðferðum sem þeir vinna eftir með börnin.

Upplýsingar um stefnuna má finna á heimasíðum skólanna.